

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 347/2021

2024/EES/23/27

frá 10. desember 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1206 frá 30. apríl 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB um búnað um borð í skipum að því er varðar gildandi staðal fyrir prófunarstofur sem samræmis-matsstofur nota fyrir búnað um borð í skipum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við í lið 2 (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB) í XXXII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32021 L 1206:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1206 frá 30. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 261, 22.7.2021, bls. 45).“

2. gr.

Texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2021/1206, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 261, 22.7.2021, bls. 45.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.